



UMHVERFISSTOFNUN

## Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir Málningu hf.

### -Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Málningu hf. á tímabilinu 17. mars til 12. maí 2016. Tillagan lá frammi á skrifstofu Kópavogsbæjar á tímabilinu.

Ein umsögn um tillöguna barst á auglýsingatíma. Hún kom frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK). Tillaga að endurskoðun á vatnskafla starfsleyfisins var einnig send til HHK sem gerði frekari tillögur þar um.

#### Helstu atriði í umsögn HHK

- Óskað er eftir því að skýrt komi fram í starfsleyfinu að allt frárennsli sem um er getið í grein 3.7 eigi að fara í holræsakerfi (-skolpkerfi-) bæjarins. Bent er á að ofanvatn fari í drenkerfi. Bent er á að fráveitukerfið er tvöfalt, annars vegar holræsakerfi fyrir lagnir frá húsum og svæðum utanhúss sem eru undir álagi og hins vegar drenkerfi fyrir ofanvatn af þökum, lóðum, götum og bílastæðum.
- Einnig eru athugasemdir um frekari ákvæði um ólyktarmengun af fráveitu, þekkt sé „að leysiefnalykt, ólyktarmengun úr fráveitu ...“ [geti] „... valdið verulegu ónæði í húsnæði.“
- Rætt eru að í greinum 3.7 og 3.8 þurfi að vera skýr ákvæði um að efnum úr setþró verði fargað í samræmi við fyrirmæli leyfisgjafa, ákvæði um hvað gerist ef í ljós kemur að lyktsterk efni hafi farið í setþróna, tæmingu olúgildru og förgun og staðfestingar á tæmingu olúgildra og setþróar ásamt staðfestingu móttökuaðila.
  - Grein 3.7 hefur verið endurskoðuð. Nú er kveðið á um að förgun á lyktandi vökva svo að hann sé ekki losaður í fráveitu. Tekið fram að lyktsterk efni séu t.d. ammóníak og lyktandi leysiefni. Orðalagið allt er endurskoðað til að gera það skýrara.
  - Í grein 3.8 var hnykkt örlítið á orðalagi.
  - Nú er tekið fram í grein 3.9 að drenkerfi taki við kælivatni, regnvatni úr niðurföllum á lóð sem eru ekki tiltekin í grein 3.7. Þó aðeins ef það inniheldur ekki leysiefni, lyktsterk efni eða olúefni.
  - Í grein 3.10 er bent á að ef leki frá geymi er umtalsverður fellur hann undir ákvæði um mengunaróhöpp.
  - Staðfestingar á þessum atriðum eru í grein 4.1. og bætt hefur verið við einum punkti að skrá atvik sem varða lyktsterk efni.

- Gerðar eru athugasemdir við áhættumat og óskað eftir útvíkkun þess.
  - Áhættumat Málningar hf. var samþykkt þegar sótt var um starfsleyfi, enda er það í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar sem gerðar eru fyrir umsækjendur.
- Hávaðagrein starfsleyfistillögunnar er ekki sögð vera í samræmi við vernd á nærliggjandi starfsemi. Svæðið sé skilgreint sem svæði verslunar og þjónustu og þar sé staðsett verslun, þjónustufyrirtæki og stjórnýsla.
  - Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs er Málning hf. staðsett á reit sem skilgreindur er: verslun og þjónusta. Ákvæðinu hefur verið breytt þannig að vísað er almennt til töflu III í reglugerð um hávaða. Fyrirliggjandi mælingar gefa ekki tilefni til að ætla að hávaði sé afgerandi frá starfseminni. Þó er gert ráð fyrir úttekt á hávaða á starfsleyfistímabilinu.
- Bent er á að aðgæsluregla reglugerðar um hávaða verði að koma fram í starfsleyfinu.
  - Aðgæslureglur eru tilgreindar í 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Þær endurspeglast í grein 3.13 í starfsleyfi þar kveðið er á um að rekstraraðili skuli draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er og koma því fram í starfsleyfinu.

## Annað

Aðrar breytingar frá tillögu að starfsleyfi voru eingöngu smávægilegar lagfæringar. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 20. júní 2032.